

sumarið 1948, 4.15% af verðmæti brúttóafla bátsins þá sildarvertíð.

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna eiganda m/b Baldurs V.E. 24, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélagsins Jötuns vegna skipverja á m/b Baldri V.E. 24, kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. júní 1949.

Nr. 9/1949.

Alþýðusamband Íslands f. h.

Véltjórafélags Ísafjarðar

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

H/f Nirði (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Setudómari Ragnar Jónsson
í stað Gunnlaugs E. Briem.

Deilt um skilning á kjarasamningi, lágmarkstryggingu og hlutaskipti.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 28. apríl s.l., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Véltjórafélags Ísafjarðar gegn H. f. Nirði á Ísafirði. Eru dómkröfur stefnanda þær:

1. Að dæmt verði að a-, b- og c liður III. gr. í kjarasamningi aðilja frá 28. des. 1946 séu rétt skildir og framkvæmdir svo, að þegar ekki aflast fyrir lágmarkshlutatryggingu, sbr. VII. gr. sama samnings, skuli véltjórar fá, auk hásetakauptryggingar, svo háan hundraðshluta af raunverulegum afla skips, að nemi því, sem hlutur véltjórans skal vera hærri en hásetahluturinn er á sama skipi samkvæmt gildandi kjarasamningi.

2. Að dæmt verði, að lágmarkshlutartrygging samkvæmt VII. gr. nefnds samnings sé á mánuði hverjum kr. 578.00, og

að vélstjórar skuli auk þess fá kr. 150.00 í fæðispeninga samkvæmt d-lið 3. gr. sama samnings.

Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, er nú skal greina :

Hinn 28. desember 1946 undirrituðu aðiljar kjarasamning. Skyldi hann gilda milli stefnanda annars vegar og stefnda o. fl. vinnuveitenda hins vegar. Í II. gr. samnings þessa, sem fjallar um laun vélstjóra á þorskveiðum með línu og á togveiðum, segir svo :

„a. Þorskveiðar með línu. Fyrsti vélstjóri $1\frac{1}{2}$ hásetahlut og annar vélstjóri $1\frac{1}{4}$ hásetahlut samkvæmt gildandi samningi Sjómannafélags Ísfirðinga. Báðir vélstjórar fæði sig sjálfir.

b. Togveiðar: Fyrsti vélstjóri $1\frac{1}{2}$ hásetahlut og annar $1\frac{1}{4}$ hásetahlut samkvæmt gildandi samningi Sjómannafélags Ísfirðinga. Báðir vélstjórar hafi kr. 120/— á mánuði í fæðispeninga. Verði hækkun á fæðispeningum, sem aðrir skipverjar fá nú greidda samkv. samningum sinna stéttarféлага, hækki einnig fæðispeningar vélstjóra til samræmis við það.“

Í III. gr. sama samnings, sem fjallar um laun vélstjóra á síldveiðum, er svo um samið er nú skal greint :

„a. Herpinótaveiðar: Á skipum, sem eru ein um nótt og draga báta, skal fyrsti vélstjóri hafa 4,5% af brúttósöluverði aflans, ef það er minna en 150 þúsund krónur yfir ráðningartímam, en 4,7% ef brúttósöluverðið er kr. 150 þúsund eða meira. Á skipum, sem taka báta í dæviður, hækkar hlutur fyrsta vélstjóra úr 4,5% í 4,7%, þegar brúttósöluverð aflans hefur náð 200 þúsund krónum.

Annar vélstjóri skal hafa 3,3% af brúttósöluverði aflans.

b. Þegar skip eru tvö saman um nótt skal I. vélstjóri fá 4,5% af brúttósöluverði aflans, en II. vélstjóri 3,3%.

c. Á hringnót og reknetjaveiðum fær I. vélstjóri $1\frac{1}{2}$ hásetahlut og II. vélstjóri $1\frac{1}{4}$ hásetahlut samkvæmt gildandi samningi Sjómannafélags Ísfirðinga.

d. Á öllum síldveiðum hafi báðir vélstjórar 120/— fæðispeninga, sbr. II. gr. b.“

Loks segir svo í VII. gr. sama samnings:

„Á öllum veiðum, sem um getur í samningi þessum, skal báðum vélstjórum tryggður einn aflahlutur samkvæmt gildandi hlutatryggingu í samningum Sjómannafélags Ísfirðinga.“

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem fram hafa komið í máli þessu, hafa framangreind ákvæði II. gr. nefnds samnings verið framkvæmd með þeim hætti, að þegar ekki hefur aflazt svo mikið á þorskveiðum með línu og togveiðum, að hlutur vélstjóranna hafi numið lágmarkskauptryggingu háseta, hefur verið gert upp við vélstjórana með þeim hætti, að þeir hafa samkvæmt VII. gr. fengið lágmarks kauptryggingu háseta, en auk þess hafa þeir fengið $\frac{1}{2}$ eða $\frac{1}{4}$ hásetahlut úr afla þeim, er skip það, er hlut átti að máli í hvert sinn, fékk.

Á síðast liðnu sumri (1948) gerði stefndi tvo báta, m/b Freydísi og m/b Hafdísi, út á síldveiðar með herpinót. Bátar þessir öfluðu ekki fyrir kauptryggingu háseta og er reikningsskil fóru fram gerði stefndi þannig upp við vélstjórana, að hann greiddi þeim lágmarks kauptryggingu háseta. Aðrir útgerðarmenn á Ísafirði virðast hafa gert upp við vélstjóra sína með sama hætti og stefndi, að undanskildu Samvinnufélagi Ísfirðinga. Það greiddi vélstjórum sínum lágmarkskauptryggingu háseta, en auk þess hundraðshluta af raunverulegum afla hvers skips, og mun hann a. m. k. í sumum tilfellum hafa svarað nokkurn veginn til þess hundraðshluta, sem vélstjórarirnir skyldu hafa fram yfir hásetana samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Stefnandi vildi ekki fallast á framangreind reikningsskil stefnda. Taldi hann, að gera ætti svo upp við vélstjórana eftir síldarvertíðina, að framangreind III. gr. væri framkvæmd með sama hætti og II. grein, þannig að hver vélstjóri fengi, auk lágmarkskauptryggingar háseta, svo háan hundraðshluta af afla viðkomandi skips, sem hlutur hans hefði átt að vera hærri en hásetahluturinn. Á þetta vildi stefndi ekki fallast, þar sem engin ákvæði væru í framangreindum kjarasamningi um þetta. Mótmælti hann því eindregið, að venja sú, sem komið hefði á um kaupgreiðslur samkvæmt II. gr. kjarasamningsins, yrði einnig talin gilda um III. gr. hans, því auk þess sem

hér væri um aðra aflaskiptingu að ræða, þá fjallaði þessi grein um allt aðra veiðiaðferð.

Þá deila málsaðiljar og um það, hvaða fjárhæð skuli leggja til grundvallar, þegar reiknuð er út lágmarkskauptrygging veistjóra samkvæmt framangreindri VII. gr. oftnefnds samnings.

Verða dómkröfur stefnanda nú teknar til athugunar í þeirri röð, er að framan greinir.

Um 1.

Samkvæmt gögnum málsins verður að byggja á því, að á veiðum þeim, sem um ræðir í c-lið III. gr. samningsins frá 28. des. 1946, skuli gilda sömu reglur um greiðslu lágmarkskauptryggingar vélstjóra og nú er samkvæmt framansögðu samkomulag um, að gildi á veiðum þeim, er greinir í II. gr. sama samnings, og ber því að taka til greina dómkröfu stefnanda að því er snertir þennan lið III. gr.

Ekki verður talið, að framangreindur skilningur stefnanda á ákvæðum III. gr. margnefnds samnings um það, hversu háttáð skuli reikningsskilum samkvæmt greininni, ef ekki veiðist fyrir lágmarks kauptryggingu, verði leiddur af ákvæðum greinarinnar sjálfrar. Aðiljar eru sammála um það, að ef ekkert veiðist beri vélstjórum samkvæmt VII. gr. oftnefnds samnings aðeins einföld lágmarkskauptrygging háseta.

Veiðar þær, sem um er rætt í a-ogb-lið III. gr. eru annarrar tegundar heldur en veiðar samkvæmt II. gr. og c-lið III. gr. og aflaskipting með öðrum hætti, eins og samningsákvæðin bera með sér.

Þegar þessi atriði eru virt og það jafnframt haft í huga, að framkvæmd sú, sem upp hefur verið tekin um greiðslu lágmarkskauptryggingar samkvæmt II. gr., virðist ekki verða leidd út af orðalagi samningsins, heldur mun hún byggjast á sérstöku samkomulagi aðilja, verður ekki talið, að stefnda sé skylt að hlíta þeim skilningi á ákvæðum a- og b-liðs III. gr. oftnefnds samnings frá 28. des. 1946, sem stefnandi heldur fram. Skiptir ekki máli að þessu leyti fyrir hann, þótt samaðili hans að samningnum, Samvinnufélag Ísfirðinga, hafi í meginatriðum fylgt skilningi stefnanda um úthlutun aukahlutar til vélstjóra.

Samkvæmt þessu ber því að sýkna stefnda að því er varðar a- og b-lið III. gr. í þessum kröfulið stefnanda.

Um 2.

Svo sem að framan er greint er vélstjórum í VII. gr. samningsins frá 28. des. 1946 tryggður einn aflahlutur samkvæmt samningi Sjómannafélags Ísfirðinga við útgerðarmenn, en í 8. gr. þess samnings segir svo:

„Útgerðin tryggir háseta og matsveini mánaðarlega greiðslu á 428.00 kr. kaupi og kr. 150.00 í fæðispeninga upp í hundraðshluta afla hans frá lögskráningardegi til afskráningardags, að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar, eins og hún er á hverjum tíma. Greiðslur þessar miðast við 30 daga mánuð.“

Þá fá vélstjórar og fæðispeninga samkvæmt d-lið III. gr. samningsins frá 28. des. 1946, og eru aðiljar sammála um það, að fjárhæð þeirra hafi sumarið 1948 numið kr. 150.00 á mánuði.

Stefnandi telur nú, að þegar aflahlutur vélstjóra samkvæmt VII. gr. sé reiknaður beri að telja hann kr. 428.00 + kr. 150.00, eða samtals kr. 578.00, og auk þess beri vélstjórum fæðispeningar samkvæmt samningi þeirra, kr. 150.00 á mánuði, allt að viðbætti verðlagsuppbót. Byggir stefnandi þessa kröfu sína á því, að aflahlutur sá, sem hásetum er tryggður, sé raunverulega kr. 578.00, þótt hann sé greindur í þessa tvo liði. Af þessu leiði, að það sé sú fjárhæð, sem leggja beri til grundvallar samkv. VII. gr. vélstjórasamningsins. Stefndi telur aftur á móti, að kauptrygging sjómanna sé aðeins kr. 428.00 á mánuði, en þær kr. 150, sem þeir fá í fæðispeninga, skuli ekki telja með, þegar kauptrygging vélstjóra sé ákvörðuð, þar sem þeir (vélstjórarnir) fá þá samkvæmt sínum eigin samningi.

Svo sem greint er skiptist trygging háseta samkvæmt samningi þeirra í tvennt, kaup og fæðispeninga. Vélstjórar fá samkvæmt samningi sínum fæðispeninga, hvernig sem veiði gengur, en um aflahlutinn er vísað til sjómannasamningsins, en stefndi er aðili að báðum þessum samningum. Ósennilegt verður að teljast, að vélstjórum hafi verið ætlaðir fæðispeningar bæði eftir þeirra samningi og samningi sjómannafélagsins,

enda er upp komið í málinu, að þegar gert hefur verið upp við vélstjóra samkvæmt kauptryggingarreglu þeirri, er fylgt hefur verið um II. gr. samningsins frá 28. des. 1946, hafa vélstjórum aðeins verið reiknaðir fæðispeningar samkvæmt þeirra eigin samningi. Að þessu athuguðu þykir bera að sýkna stefnda að öllu leyti af þessum kröfulið stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

C-liður III. gr. framangreinds samnings frá 28. des. 1946 er rétt framkvæmdur svo, að þegar ekki aflast fyrir lágmarkstryggingu þeirri, er um ræðir í VII. gr. sama samnings, þá fái hlutaðeigandi vélstjóri hundraðshluta af raunverulegum afla skips, svo háan, að nemi því, sem umsaminn hlutur vélstjóra á að vera hærri en venjulegur hásetahlutur.

Að öðru leyti skal stefndi, h. f. Njörður, vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Vélstjórafélags Ísafjarðar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. júlí 1949.

Nr. 11/1949. **Alþýðusamband Íslands f. h.**
Bílstjórafélags Akureyrar

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Kaupfélagi Eyfirðinga

(Ólafur Jóhannesson próf.).

Deilt um gildi kjarasamnings. Uppsögn.

Dómur.

Mál þetta er höfðað af Alþýðusambandi Íslands f. h. Bílstjórafélags Akureyrar gegn Kaupfélagi Eyfirðinga með stefnu, dags. 9. f. m. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt